



Skólaráðsfundur 8. desember 2017

Fundinn sátu Kristín skólastjóri, Guðrún Inga Ingólfssdóttir og Einar Logi Vignisson fulltrúar foreldra, Daníel Pálmason fulltrúi foreldrafélagsins, Sigríður Helga og Lára Guðrún fulltrúar kennara, Heiða fulltrúi starfsmanna og fundinn ritaði Sigríður aðstoðarskólastjóri.

1. Skólastjóri kynnti dagskrá fundar.
 - a. Skýrsla ytra mats
 - b. Önnur mál
2. Skólastjóri kynnir skýrslu ytra mats. Hvernig unnið er að úttektinni og tilgangi hennar og hvernig nota má niðurstöður til að bæta og breyta skólastarfi til hins betra. Í septembermánuði voru fulltrúar ytra mats að störfum í skólanum, fylgdust með kennslustundum, ræddu við nemendur, starfsfólk og kennara í rýnihópum. Þá skoðuðu þeir starfslýsingar, verkferla og framsetningu á stefnu skólans.

Skólastjóri fór yfir skýrsluna lið fyrir lið og bendir á ýmis tækifæri sem felast í starfinu. Í skýrslunni er bent á ýmsar leiðir til úrbóta.

Í lokin komu fram ábendingar og fyrirspurnir frá fundargestum.

- a. Ábendingar um fleiri millistjórnendur, t.d. faglegan deildarstjóra á hverju stigi.
 - b. Er til einhver leiðarvísir til útbóta, t.d. þegar vantar aukið upplýsingastreymi, hvernig er best að vinna að bættum brag í skólanum.
 - c. Fulltrúi foreldrafélagsins fær afrit af opinberu skýrslunni. Í lok janúar verður birt umbótaáætlun ásamt opinberu skýrslunni.
3. Önnur mál. Guðrún Inga spyr um hvernig unnið sé með niðurstöður læsissskimunar í öðrum bekk. Gæsla í frímínútum er ekki nógu góð, og gerð athugasemd við það hvernig gæsluliðar standi saman á spjalli. Þetta hefur verið rætt við viðkomandi en verður skoðað enn betur.

Einar Logi spyr um svar við bréfi skólaráðs varðandi lýsingu á skólasvæðinu. Svar barst og aðilar frá borginni hafa komið og skoðað svæðið. Skólastjóri mun senda foreldrum afrit. Í sama bréfi var tekið fyrir merkingar á skólanum, svar hefur ekki borist. Lagt er til að fylgja bréfinu eftir og rukka um efndir.

Fundi slitið k. 9.07